

nr. 9 frá 15. apríl 1981, eigi við komið vegna efnaleysis foreldris eða ekki tekst að hafa uppi á því og er þá tryggingaráði heimilt að úrskurða barnalífeyri með ungmenni er stundar sannanlegt nám samkvæmt þessari málsgrein. Lífeyrisdeild getur krafist framlagningar skattframtala með umsóknum um barnalífeyri. Ef efnahagur er sérstaklega góður, umsækjandi hefur t.d. tekið arf, getur lífeyrisdeild hafnað umsókn en skjóta skal slíkum málum til tryggingaráðs sem úrskurðar í málinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

L Ö G

**um breyting á lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra
sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Heimild þessi gildir til ársloka 1997.

Ágóði happdrættisins skal reyna til byggingarframkvæmda fyrir aldraða á vegum Sjómannadagssamtakanna í Reykjavík og Hafnarfirði. Heimilt er stjórn samtakanna, sem sér um stjórn og daglegan rekstur happdrættisins, að veita styrk eða lán til annarra bygginga um land allt í þágu aldraðra, svo sem verndaðra þjónustuíbúða, umönnunar- og hjúkrunarheimila og þjónustumiðstöðva fyrir aldraða.

2. gr.

Orðin „og afhending fjárins til byggingarsjóðs aldraðs fólks“ í 5. gr. falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. apríl 1987.

Gjört í Reykjavík, 26. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.